

## Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

### um 70. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1984.

Sjötugasta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var hald í Genf dagana 6. — 26. júní 1984.

Þingið sátu alls um 1850 manns frá 139 aðildarríkjum stofnunarinnar. Þau eru 151. Auk þess sátu þetta þing sem áheyrnarfulltrúar fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og annarra fjölþjóðlegra samtaka og stofnana.

Forseti þingsins var kosinn vinnumálaráðherra Svíþjóðar, Anna-Greta Leijon. Hún er fyrsta konan sem gegnir störfum forseta Alþjóðavinnumálaþingsins.

Forseti Costa Rica, Luis Alberto Monge, var sérstakur gestur þingsins.

Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Hannes Hafstein sendiherra og Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Varafulltrúi þeirra var Valgeir Ársælsson, sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands voru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.

### Dagskrá.

Fastir liðir á dagskrá hvers þings eru þrír, en þeir eru þessir:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Fjármál.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.  
Auk þess voru á dagskrá þingsins eftirtalin mál:
4. Atvinnumál (síðari umræða).
5. Endurskoðun samþykktar nr. 112 frá 1959, um heilsugæslu á vinnustöðum (fyrri umræða).
6. Endurskoðun samþykktar nr. 63 frá 1938, um tölulegar upplýsingar um laun og vinnutíma (fyrri umræða).
7. Almenn umræða um áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnuumhverfismála.
8. Skýrsla starfshóps um skipulagsmál ILO.

Kosnar voru sjö nefndir til að fjalla um dagskrárliði 2 til 8. Auk þess var fjallað um eftirtalin málefni í undirnefndum:

- a) Kjörbréf þingfulltrúa.
- b) Aðskilnaðarstefnuna í Suður Afríku.
- c) Ályktanir utan dagskrár.
- d) Málefni sem tengjast framvindu þingsins.

### 1. Skýrsla forstjóra.

Fyrsta málefnið á dagskrá hvers vinnumálaþings er skýrsla forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Skýrsla þessi fjallar í fyrsta lagi um starfsemi stofnunarinnar en einnig er þar

tekið fyrir ákveðið mál sem forstjórinn telur hverju sinni mikilvægt að fá almennar umræður um. Að þessu sinni gerði forstjórinn að umtalsefni samþykktir og tillögur sem þing ILO hefur afgreitt. Forstjórinn sagði markmiðið með þeim væri að skapa heim sem byggir á samstöðu þar sem fjármagníð er ekki allsráðandi um ákvarðanir sem varða launþega. Einnig að mannlegar þarfir eigi að stjórna fjármagninu en ekki öfugt.

Alls tóku fulltrúar frá 107 löndum til máls í hinni almennu umræðu um þetta mál og gerðu þeir góðan róm að málflutningi forstjórans.

Samkvæmt venju hélt forstjóri Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar, Francis Blanchard, yfirgripsmikla ræðu þar sem hann gerði að umtalsefni nokkur atriði og svaraði fyrirspurnum sem fram höfðu komið við almennu umræðuna. Í ræðu sinni benti forstjórinn á þá skyldu ILO að sjá til þess að langtíma-áætlanir til að auka félagslegt réttlæti verði ekki lagðar til hliðar vegna skammtíma-aðgerða sem stefna að auknum sparnaði og meiri stöðugleika í efnahagslífinu eða aðlögun að breyttum þjóðfélagsaðstæðum.

Eins og áður er getið var Luis Alberto Monge, forseti Costa Rica, sérstakur gestur þingsins. Í inngangi ræðu sem forsetinn flutti rifjaði hann upp að árið 1950 hefði hann verið starfsmaður ILO og annast málefni verkalyðsfélaga. Hann lagði áherslu á að frelsi er forsenda framfara.

Mesta hluta ræðu sinnar helgaði forseti Costa Rica til að greina frá efnahags- og félagslegum aðstæðum í landi sínu og benti á að það hefði ekki mikil efnahagsleg, hernaðarleg eða stjórnmálaleg áhrif á framgang heimsmálanna. Hins vegar leggur þjóðin áherslu á aðgerðir sem stuðla að varanlegum friði í heiminum, er einhuga um að halda frelsi sínu og berst fyrir félagslegu réttlæti.

## 2. Fjármál.

Fjármálanefnd þingsins er skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju landi. Er það eina nefnd þingsins sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga ekki aðild að.

Á þinginu 1983 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir tveggja ára tímabilið 1984—1985. Niðurstöðutala áætlunarinnar er 254,7 milljónir dollara sem þýðir 1,9% hækkun að raungildi frá næsta tveggja ára tímabili á undan. Hlutur Íslands í samanlögðum framlögum aðildarríkjanna er 0,03%.

Meðal erinda sem fjármálanefndin fjallaði um var beiðni Komorone og Tchad um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu þrátt fyrir vangöldin árgjöld til stofnunarinnar. Samkvæmt stofnskrá ILO glatar það aðildarríki atkvæðisrétti sem lendir í vanskilum við stofnunina enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt að vanskilin eigi rót sína að rekja til orsaka sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið. Nefndin lagði til við þingið að ofangreind tvö ríki héldu atkvæðisrétti sínum enda yrðu árgjöldin greidd. Þingið samþykkti einróma tillögu nefndarinnar.

## 3. Skýrslur um framkvæmd samþykpta og tillagna.

Aðildarríkjum ILO er skylt að gera stofnuninni grein fyrir framkvæmd þeirra samþykpta sem þau hafa staðfest svo og um málefni óstaðfestra samþykpta eftir því sem óskað er. Nefnd sérfræðinga rannsakar þessar greinargerðir og gefur hún þinginu skýrslu um niðurstöður athugana sinna. Sérstök þingnefnd fjallar um málið en álit hennar er síðan lagt fyrir allsherjarþingið til endanlegrar afgreiðslu.

Nefndin kaus ríkisstjórnarfulltrúa Kenya, J.O. Musiko, formann, og A. Wisskirchen, fulltúa atvinnurekenda frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og J.M. Houthuys, fulltrúa launþega frá Belgíu, varaformenn.

Nefndin hóf starf sitt með almennum umræðum um þýðingu staðla ILO fyrir vinnumarkaðinn og skyldur aðildarríkjanna varðandi samþykktir og tillögur samkvæmt stofnskránni. Fulltrúar ríkja Austur-Evrópu töldu að gerð staðla fyrir vinnumarkaðinn væri mikilvægasta verkefni ILO. Skoðun þessara fulltrúa var sú að stofnunin tæki ekki nægilega mikið tillit til ólíkara félagslegra og efnahagslegra aðstæðna í aðildarríkjunum þegar rannsakað væri hvernig til hefði tekist um framkvæmd þessara staðla. Fulltrúi Danmerkur tók þátt í umræðunum fyrir hönd Norðurlandanna og svaraði gagnrýni Austur-Evrópulandanna.

Meðal atriða á dagskrá nefndarinnar var skýrsla sérfræðinganeftdar um styttri vinnutíma, lengri vikulegan frítíma og lengra orlof í tengslum við framvindu efnahagsmála og fjölgun starfa á vinnumarkaði. Við þetta tækifæri var einnig haldin ræða í nafni Norðurlandanna fimm þar sem norski ríkisstjórnarfulltrúinn kynnti afstöðu þeirra til málsins.

#### 4. Stefna í atvinnumálum.

Meðal dagskrármála var málefnið: Atvinnumálastefna — hugsanleg endurskoðun samþykktar nr. 122 frá 1964 svo og tillögu um stefnu í atvinnumálum. Þetta mál var tekið til annarrar umræðu á þinginu. Við umræðuna hafði þingið hliðsjón af skýrslu sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman og bar yfirskriftina: Employment Policy, Report IV (1 and 2). Fyrsti hluti skýrslunnar hafði að geyma álitserðir og umsagnir ríkisstjórna um þau drög að yfirlýsingu sem þingið hafði samþykkt 1983 við fyrstu umræðu um málið. Í öðrum hluta skýrslunnar var endurskoðuð tillaga um stefnuna í atvinnumálum. Við umræðu um skýrsluna kom fram mikill munur á afstöðu þingfulltrúa til málsins. Fulltrúar atvinnurekenda töldu viss atriði í framkominni tillögu óaðgengileg. Talsmenn launþega lögðu áherslu á að halda þeim texta sem náðist samkomulag um við fyrri umræðu. Af þessu leiddi að umtalsverður tími fór í að ná samkomulagi um einstök ágreiningsefni. Að lokum náðist samkomulag innan nefndarinnar um orðalag ítarlegrar tillögu sem þingið samþykkti.

Tillagan skiptist í 10 kafla.

Fyrsti kaflinn fjallar almennt um markmið atvinnumálastefnu. Þar er lögð áhersla á frelsi einstaklingsins til að velja sér þá atvinnu sem hann helst kys. Einnig eru aðildarríkin hvött til að gera ráðstafanir sem auðvelda launþegum að laga sig að breytingum á vinnumarkaði m. a. vegna hagnýtingar nýrrar tækni.

Annar kaflinn fjallar um stefnuna varðandi íbúafjölda, sérstaklega við gerð þróunar- og atvinnuáætlana.

Í þriðja kaflanum er fjallað um atvinnu æskufólks og hópa sem standa illa að vígi á vinnumarkaðinum, t. d. vissan hóp kvenna og ungra verkamanna, fatlað fólk, roska verkamenn, þá sem lengi hafa verið atvinnulausir og farandverkamenn í hlutaðeigandi landi. Í kaflanum er m. a. vikið að hlutverki menntastofnana, vinnumiðlunarskrifstofa og annarra stjórnvalda sem fara með þetta mál.

Fjórdi kaflinn fjallar um áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðinn og viðbrögð aðildarríkjanna við þeim breytingum sem hún leiðir af sér.

Í fimmta kaflanum er fjallað um hinn óskipulagða hluta atvinnulífsins. Það er starfsemi sem fer fram utan hinna hefðbundnu stofnana atvinnulífsins.

Sjötti kaflinn fjallar um hlutverk smáfyrirtækja.

Sjöundi kaflinn er um mikilvægi þess að jafnvægi ríki í byggðapróun aðildarríkjanna til að draga úr félagslegum og atvinnulegum vanda sem leiðir af ójafnri dreifingu náttúruauðlinda.

Opinber fjárfesting og sérstakar aðgerðir á vinnumarkaðssviðinu eru viðfangsefni 8. kafla.

Í níunda kaflanum er lögð áhersla á þýðingu alþjóðaviðskipta í sameiginlegri viðleitni aðildarríkjanna við að auka atvinnu.

Lokakaflinn er um atvinnu og mannflutninga landa í milli.

Tillagan er prentuð hér með sem fylgiskjal I.

### Fylgiskjal I.

#### **Tillaga nr. 169 um atvinnustefnu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnu- og atvinnustofnunarinnar sem stjórnarnefnd Alþjóðavinnu- og atvinnustofnunarinnar stefndi saman í Genf til síns sjötugasta fundar hinn 6. júní 1984,

gerir sér grein fyrir hinum gildandi alþjóðlegu viðmiðunarkröfum sem felast í samþykkt og tillögu frá 1964 og öðrum alþjóðávinnumálaskjölum sem eiga við ákveðna flokka launafólks sérstaklega og tillögu varðandi launafólk með fjölskylduábyrgð frá 1981, tillögu um roskið launafólk frá 1980, samþykkt og tillögu um mannflutninga milli landa í atvinnuskyni frá 1949 (endurskoðað), samþykkt um farandverkamenn (þ. e. verkamenn á erlendri grund) frá 1975 (viðbótarákvæði), og tillögu um farandverkamenn frá 1975,

ber í minni ábyrgð Alþjóðavinnu- og atvinnustofnunarinnar, fram komna vegna Philadelphiu- yfirlýsingarinnar, að prófa og meta hvernig viðskipta- og fjárhagsstefnur verka á atvinnustefnu í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, hafi rétt til að leggja rækt við bæði líkamlega velferð og andlegan þroska við skilyrði sem einkennast af frelsi og reisu, efnahagslegu öryggi og jafnrétti,

minnist þess að alþjóðasáttmáli um efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan rétt sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 1966 felur m. a. í sér „rétt til að vinna, sem þýðir að sérhver hafi rétt á tækifæri til að vinna fyrir sér með starfi sem hann velur eða samþykkir af fúsum og frjálsum vilja”, en einnig að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til þess að þessi réttur náist smátt og smátt að fullu og sé varðveittur,

minnist einnig ákvæða samnings um afnám alls misréttis gagnvart konum, en þau ákvæði voru samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1979,

viðurkennir, í ljósi nánari samskipta þjóðanna á sviði efnahagsmála og lítils hagavaxtar á síðari árum, þörfina á að samræma efnahags-, gjaldeyris- og félagsmálustefnu í heimalöndum og á alþjóðavettvangi, að leitast við að minnka bilið milli iðnríkja og þróunarlanda, og að koma á fót nýju alþjóðlegu viðskiptakerfi til að eiga sem best úrræði til þróunar og atvinnusköpunar og takast þannig á við atvinnuleysi og atvinnuskort,

gerir sér grein fyrir að atvinnu- og atvinnuleikar eru að versna í flestum iðnaðar- og þróunarlöndum og lætur í ljós þá sannfæringu að fátækt, atvinnuleysi og misskipt tækifæri séu óviðunandi m. t. t. mannúðar og félagslegs réttlætis, gæti valdið spennu innan þjóðfélags og þannig skapað aðstæður sem geta ógnað friði og spillt því að réttur til starfs sé í heiðri háfður en hann felur í sér frjálst starfsval, réttlát og hagstæð vinnuskilyrði og vernd gegn atvinnuleysi,

álítur að samþykktina og tillöguna um atvinnustefnu frá 1964 eigi að setja í víðara samhengi „yfirlýsingarinnar um reglur og áætlun um aðgerðir“ sem samþykkt var 1976 af hinni „þríhliða þjóðaráðstefnu um atvinnu, tekjuskiptingu og félagslegar framfarir og alþjóðlega skiptingu vinnumarkaðarins,” og áformanna sem Alþjóðavinnu- og atvinnustofnunin samþykkti 1979 um að fylgja henni eftir á alheimsráðstefnu um vinnumál,

hefur ákveðið að samþykkja vissar tillögur er snerta atvinnustefnu sem er fjórði liður á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ályktanir skuli vera í formi tillögu sem viðauki við sáttmála og tillögu um atvinnustefnu frá 1964,

gerir hinn 26.júní 1984 eftirfarandi tillögu sem kalla má tillögu um atvinnustefnu (viðbótarákvæði) frá 1984.

### I. Almenn lögmál atvinnustefnu.

1. Leiðin til að ná í reynd réttinum til vinnu er fólgin í að efla næga og arðbæra atvinnu sem hver og einn velur af frjálsum og fúsum vilja eins og gert er ráð fyrir í samþykkt og tillögu um atvinnustefnu frá 1964.

2. Um leið og aðildarríki viðurkenna til fulls réttinn til vinnu eiga þau að fylgja efnahags- og félagsmálastefnu sem beinist að því að efla næga og arðbæra atvinnu sem valin er að fúsum og frjálsum vilja.

3. Það að efla næga og arðbæra atvinnu, valda af fúsum og frjálsum vilja, ætti að hafa forgang í og vera óaðskiljanlegur þáttur af efnahags- og félagsmálastefnu aðildarríkja og, þar sem það á við, áætlunum þeirra um að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

4. Aðildarríki eiga að veita sérstaka athygli áhrifaríkustu leiðum til að auka atvinnu og framleiðslu, og taka upp stefnu og, ef við á, gera áætlanir sem miðast að því að auðavelda aukna framleiðslu og réttláta skiptingu nauðsynja og þjónustu, og réttláta skiptingu tekna alls staðar í landi, með það fyrir augum að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna í samræmi við yfirlýsingu um reglur og áætlanir um aðgerðir á heimspinginu um atvinnumál.

5. Í samræmi við venjur í hverju landi á að setja fram og hrinda í framkvæmd stefnum, áformum og áætlunum sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu, í samráði og samstarfi við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur slík samtök sem eru fulltrúar fyrir þá sem hlut eiga að máli, sérstaklega þá sem eru í dreifbýli og heyrja undir samþykkt og tillögu um samtök dreifbýlisverkamanna frá 1975.

6. Efnahags- og fjármálastefna, á landsvísu og á alþjóðavettvangi, á að endurspeglar forgang þeirra markmiða sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu.

7. Stefnum, áform og áætlanir sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu ættu að miða að því að cyða sérhverri mismunun og tryggja öllu launafólki jafna möguleika og meðhöndlun varðandi atvinnu, atvinnuskilyrði, kaup og kjör, leiðsögn og æfingu í verknámi og aukinn frama í starfi.

8. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að ná árangri í baráttunni gegn ólöglegri atvinnu, þ. e. atvinnu sem ekki er í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur.

9. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að gera smátt og smátt kleifan flutning verkamann frá hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins, þar sem hann fyrirfinnst, í hinn skipulagða hluta.

10. Aðildarríki eiga að taka upp stefnu og gera ráðstafanir sem m. t. t. laga og venja ættu að

a) auðvelda launafólki að laga sig að skipulagsbreytingum, hvort heldur sem þær eru víðtækar, á ákveðnum sviðum eða í einstökum fyrirtækjum, og að endurráða sig hafi það misst starf sitt vegna skipulags- eða tæknibreytinga, og

b) tryggja atvinnu eða auðvelda endurráðningu launafólks sem fyrir því verður að stofnun sem það tengist, fyrirtæki eða búnaður er seldur, framseldur, lagður niður eða fluttur.

11. Í samræmi við landslög og venjur gætu aðferðir við að gera atvinnustefnu virka, falist í að ná heildarsamkomulagi um þætti sem varða atvinnu, svo sem

a) að efla og tryggja atvinnu,

- b) það hvaða efnahags- og félagslegar afleiðingar það geti haft að breyta skipulagi og koma á hagræðingu í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja.
- c) að endurskipuleggja og stytta vinnutímann,
- d) að vernda ákveðna hópa,
- e) að veita fræðslu um efnahags-, og fjárhags-, félags- og atvinnumál.

12. Aðildarríki eiga, eftir að þau hafa ráðfært sig við samtök atvinnurekenda og launafólks, að grípa til ráðstafana í því skyni að stuðla að fjölþjóða framtaki til að taka upp og efla sérstaklega atvinnustefnu þá sem sett var fram í hinni þríhliða yfirlýsingu um reglur er snerta fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnu frá 1977, og til að tryggja að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif fjárfestinga fjölþjóðafyrirtækja en jákvæð áhrif aukin.

13. Með tilliti til aukins samspils í efnahagslífi í heiminum eiga aðildarríki, auk þess sem þau gera ráðstafanir á landsvísu, að styrkja alþjóðlegt samstarf til að tryggja að árangur náist í baráttunni við atvinnuleysi.

## II. Stefna varðandi íbúafjölda.

14. (1) Um leið og tryggt er hæfilegt framboð atvinnu getur þróunar- og atvinnustefna, þar sem við á og í samræmi við landslög og venjur, falið í sér mannfjöldastefnu og áætlanir sem miðast við að tryggja velferð fjölskyldu og veita stuðning varðandi áform hennar, með áætlunum um upplýsingar og frjálsa fræðslu um atriði er snerta mannfjölda.

(2) Aðildarlönd, sérstaklega þróunarlönd, geta í samvinnu við stofnanir sem ekki eru ríkisreknar, hvort sem er í heimalandi eða á alþjóðavettvangi

- a) gefið því sérstakan gaum í stefnu sinni og áætlunum varðandi íbúafjölda að mennta foreldra og varðandi foreldra um kosti fjölskylduáætlana.
- b) í dreifbýli; aukið heilbrigðisbúnað og fjölgað félagsmiðstöðvum og starfsfólki sem veitir þjónustu varðandi fjölskylduáætlanir,
- c) í þéttbýli; gefið sérstakan gaum þeirri brýnu þörf að treysta allt skipulag og bæta lífsskilyrði, sérstaklega í fátækrahverfum.

## III. Atvinna æskufólks og þeirra sem minna mega sín.

15. Ráðstafanir sem eru þáttur í almennri atvinnustefnu aðildarríkis eiga að taka til þeirra hópa fólks sem á erfitt með að fá fasta atvinnu. Má þar nefna hluta kvenna og ungra verkamanna, fatlað fólk, roskið launafólk, það sem lengi hefur verið atvinnulaust og farandverkamenn sem eru löglega í viðkomandi landi. Ráðstafanir þessar skulu vera í samræmi við reglur alþjóðlegra vinnumálasamþykktta og tillagna sem varða atvinnu þessara hópa, og við vinnuskilyrði sem landslög og venjur hafa mótað.

16. Með tilliti til skilyrða á landsvísu og í samræmi við landslög og venjur geta ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. grein þessarar tillögu m. a. falið í sér

- a) almenna menntun öllum til handa og áætlun um verknám og þjálfun til að hjálpa þessu fólki að finna starf og auka atvinnuöguleika þess og tekjur,
- b) að koma á þjálfunarkerfi sem tengist bæði menntakerfinu og atvinnulífinu,
- c) ráðgjafarþjónustu og vinnumiðlun til að aðstoða einstaklinga við að komast inn á vinnumarkaðinn og hjálpa þeim að finna starf við hæfi,
- d) áætlanir sem skapa arðbæra atvinnu í tilteknum landshlutum, svæðum eða sviðum,
- e) áætlanir um aðlögun vegna skipulagsbreytinga,
- f) ráðstafanir varðandi þjálfun og endurþjálfun,
- g) ráðstafanir vegna endurhæfingar til starfs,
- h) aðstoð við flutninga af frjálsum vilja,
- i) áætlanir um að efla sjálfstæða vinnu og samvinnufélög launafólks.

17. (1) Aðrar sérráðstafanir skulu taka til ungs fólks.

Sérstaklega má nefna:

- a) opinberar stofnanir og einkafyrirtæki skulu hvött til að ráða og þjálfa ungt fólk á þann hátt sem hæfir aðstæðum og venjum í landinu;
- b) þótt áhersla skuli lögð á að koma ungu fólki í venjuleg störf má gera sérstakar áætlanir í því augnamiði að ráða ungt fólk sem kys að vinna að samfélagslegum verkefnum, sérstaklega svæðisbundnum verkefnum af félagslegum toga, og hafa þá í huga ákvæði tillögu um sérstök áform vegna æskunnar frá 1970;
- c) gera skal sérstakar áætlanir sem fela í sér að þjálfun og vinna skiptist á og aðstoða þannig ungt fólk við að komast inn á vinnumarkað;
- d) þjálfunina á að laga að tækni- og efnahagsþróun og leitast við að bæta þjálfunaraðferðir;
- e) ráðstafanir skulu gerðar til að auðveldara verði að fara úr skóla í vinnu og til að efla möguleika á að starf fáiast að lokinni þjálfun;
- f) efla skal rannsóknir á atvinnuhorfum og nota þær við stefnumótun verknáms,
- g) öryggi og heilsu ungs verkafólks ber að vernda.

(2) Með ráðstöfunum þeim sem vísað er til í grein (1) hér á undan skal fylgjast náið til að tryggja að þær hafi heillavænleg áhrif varðandi atvinnu ungs fólks.

(3) Ráðstafanirnar eiga að vera í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samþykktu og tillagna sem snerta atvinnu ungs fólks, og við vinnuskilyrði sem móttast hafa í samræmi við landslög og venjur.

18. Með hvatningu sem hæfir þjóðaraðstæðum og venjum má auðvelda að ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. og 17. grein nái fram að ganga.

19. Í samræmi við landslög og venjur skulu lögmæt yfirvöld ráðfæra sig vandlega og með góðum fyrirvara við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks og önnur samtök sem hluta eiga að máli um hvernig ráðstafanir þær og áætlanir sem vísað er til í 15. og 18. grein þessarar tillögu skuli settar fram, þeim beitt og eftir þeim titið.

#### IV. Tæknistefna.

20. Einn aðalþáttur í þróunarstefnu þjóðar á að vera að auðvelda tækniþróun sem lið í að auka framleiðslugetu og ná því meginmarki að skapa tækifæri til atvinnu og fullnægja brýnustu þörfum. Tæknistefna á, m. t. t. stöðu efnahagsþróunar, að stuðla að því að bæta vinnuskilyrði og stytta vinnutímamann, og einnig á hún að fela í sér ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnumissi.

21. Aðildarríki eiga

- a) að stuðla að rannsóknum á því hvernig velja skuli, innleiða og þróa nýja tækni og hvaða áhrif hún hafi á atvinnuumfang, fyrirkomulag og skilyrði, þjálfun, starfssvið og hæfniskröfur,
- b) að stuðla að rannsóknum á þeirri tækni sem best eigi við sáraðstæður landa, með því að tryggja aðild óháðra rannsóknarstofnana.

22. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum

- a) að menntunar- og þjálfunarkerfi, þar með talin endurþjálfun, veiti launafólki nægileg tækifæri til að aðlagast breyttum kröfum vegna tæknibreytinga,
- b) að sérstaklega sé hugað að því að nýta sem best þá sérþekkingu sem fyrir hendi er og kann að verða,
- c) að neikvæð áhrif tæknibreytinga á atvinnu, vinnu- og lífsskilyrði, atvinnuöryggi og heilsu verði útilokuð svo sem kostur er, sérstaklega með því að gefa gaum að vinnuvistfræði og öryggis- og heilsufarsþáttum þegar farið er að móta nýja tækni.

23. Í samræmi við þjóðaraðstæður og venjur eiga aðildarríki á allan hátt að stuðla að því að viðeigandi ný tækni sé notuð, og tryggja eða bæta samstarf og samráð milli aðila og samtaka sem þessi mál varða, og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks.

24. Hvetja skal samtök atvinnurekenda og launafólks sem eiga hlut að máli, og fyrirtæki til að aðstoða við að útbreiða almennar upplýsingar um tæknilega valkosti, við að stuðla að tæknilegum tengslum milli stórra og smárra fyrirtækja og við að setja fram viðeigandi áætlanir um vinnubjálfun.

25. Í samræmi við landsvenjur skulu aðildarþjóðir hvetja samtök atvinnurekenda og launafólks til að gera heildarsamkomulag, á landsvísu, á ákveðnum sviðum eða innan fyrirtækja, vegna félagslegra afleiðinga þess að innleiða nýja tækni.

26. Aðildarþjóðir skulu svo sem auðið er og í samræmi við landslög og venjur hvetja fyrirtæki er innleiða í starfsemi sína tæknibreytingar sem líklegar eru til að hafa verulega áhrif á verkafólk í fyrirtækinu

- a) til að gera launafólki og/eða fulltrúum þess grein fyrir hvernig áætlað sé að innleiða og nýta nýja tækni, þ. e. upplýsa það um möguleikana sem slík tækni býður og áhrifin sem hún hefur, og ráðfæra sig við það fyrirfram með það fyrir augum að ná samkomulagi,
- b) til að stuðla að því að skipuleggja vinnutíma og deilingu vinnunnar betur,
- c) til að koma í veg fyrir og milda svo sem auðið er öll neikvæð áhrif tæknibreytinga á launafólk,
- d) til að stuðla að fjárfestingu í tækni sem hvetja myndi beint eða óbeint til atvinnusköpunar og verða til þess smátt og smátt að auka framleiðni og fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

#### V. Hinn óskipulagði hluti atvinnulífsins.

27. (1) Atvinnustefnan á landvísu á að viðurkenna mikilvægi hins óskipulagða hluta atvinnulífsins sem atvinnuveitanda, þ. e. hinnar efnahagslegu starfsemi sem fram fer utan hinnar skipulögðu efnahagsstarfsemi.

(2) Móta skal og útfæra atvinnuáætlanir er ýti undir fjölskylduvinnu og sjálfstæða atvinnu á cinkaverkstæðum, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

28. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmum og bættum tengslum milli hins skipulagða og óskipulagða hluta til þess að fyrirtækjum í hinum óskipulagða hluta hlotnist greiðari aðgangur að auðlindum, mörkuðum, lánsviðskiptum, innrar skipulagi, kennslubúnaði, sérfræðilegri tækniþekkingu og bættri tækni.

29. (1) Um leið og aðildarþjóðir gera ráðstafanir til að auka atvinnumöguleika og bæta vinnuástöðu í hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins skulu þær leitast við að auðvelda hægfara aðlögun hans að efnahagslífi þjóðarinnar.

(2) Aðildarþjóðir skulu taka tillit til þess að aðlögun óskipulagða hlutans að hinum skipulagða kann að minnka getu hins síðarnefnda til að taka til sín vinnuafli og skapa tekjur. Engu að síður eiga þær að leitast við að láta skipulagsráðstafanir sínar markvisst ná til óskipulagða hluta atvinnulífsins.

#### VI. Smáfyrirtæki.

30. Atvinnustefna þjóðar á að taka tillit til mikilvægis smáfyrirtækja við að skapa atvinnu og viðurkenna skerf staðbundins framtaks til atvinnusköpunar í baráttunni við atvinnuleysi og í þágu hagvaxtar. Þessi fyrirtæki sem geta verið með ýmsu móti, svo sem lítil hefðbundin fyrirtæki, samvinnufyrirtæki og samtök, veita atvinnumöguleika, einkum launafólki sem á við sérstaka erfiðleika að etja.

31. Eftir að hafa ráðfært sig við félagsamtök atvinnurekenda og launfólks og í samvinnu við þau skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmu og bættu sambandi fyrirtækjanna sem getið er um í 30. grein þessarar tillögu og annarra fyrirtækja til að bæta vinnuskilyrði í fyrrnefndu fyrirtækjunum og til að gera aðgang þeirra greiðari að mörkuðum, lánsviðskiptum, sérfræðilegri tækniþekkingu og þróaðri tækni.



### VII. Staðbundin þróunarstefna.

32. Aðildarþjóðir skulu, í samræmi við landslög og venjur, viðurkenna mikilvægi þess að jafnvægi ríki í þróun tiltekinna landsvæða til að milda félagslegan og atvinnulegan vanda sem skapast af ójafnri dreifingu náttúruauðlinda og ófullnægjandi möguleikum til að flytja framleiðslutækin, og til að hamla gegn misskiptingu framleiðslu og atvinnu milli staða og landssvæða.

33. Ráðstafanir skulu gerðar, í samráði og samvinnu við fulltrúa hlutaðeigandi íbúa og sérstaklega við samtök atvinnurekenda og launafólks, í því skyni að stuðla að atvinnu á svæðum þar sem iðnaðar- og landbúnaðarframleiðsla dregst saman, jaðarsvæðum og almennt í þeim hlutum landsins sem ekki hafa notið góðs af þróuninni í landinu.

34. Með tilliti til skilyrða í landinu og áforma og áætla hvernig aðildarþjóðar geta ráðstafanir sem vísað er til í 33. grein þessarar tillögu m. a. falið í sér

- a) að mynda og þróa framleiðslusvæði og framleiðslumiðstöðvar sem horfa til atvinnuaukningar,
- b) að þróa og efla staðbundin tækifæri m. t. t. getu mannaflans og náttúruauðlinda á hverjum stað, og þarfarinnar á samfelldri og stöðugri þróun slíkra svæða,
- c) að fjölga og stækka bæi og þorp til þess að vegna upp á móti vexti stórra borga,
- d) bæta tiltæka nauðsynlega þjónustu, dreifa henni betur og gera hana aðgengilegri og fullnægja þannig frumþörfum,
- e) hvetja til þess með viðeigandi félagslegum ráðstöfunum að launafólk færi sig um set af fúsum og frjálsum vilja innan hvers svæðis og milli staða í landinu, en leggja sig samtímis fram um að skapa þeim sómasamleg lífskjör og vinnuskilyrði í átthögum,
- f) að fjárfesta í bættu innra skipulagi, þjónustu og stjórnkerfi staðanna, m. a. með því að útvega nægt starfslíð og tæki og gera þjálfun og endurþjálfun mögulega; og
- g) stuðla að þátttöku sveitarfélaga í að skilgreina og útfæra hinar staðbundnu þróunaraðgerðir.

### VIII. Opinber fjárfesting og sérstakar opinberar atvinnuáætlanir.

35. Aðildarríkin gætu lagt út í efnahags- og félagslega lífvænlega fjárfestingu og útfært sérstakar opinberar vinnuáætlanir, einkum m. t. t. að skapa og viðhalda atvinnu og auka tekjur, draga úr fátækt og koma betur til móts við brýnustu þarfir á svæðum þar sem mikið atvinnuleysi og atvinnuskortur ríkir. Slíkar áætlanir eiga, þar sem mögulegt er og viðeigandi,

- a) að taka sérstakt tillit til þess að skapa atvinnu fyrir hópa sem minna mega sín,
- b) að taka til verkefna er snerta innra skipulag í dreifbýli og þéttbýli og fela auk þess í sér að koma upp aðstöðu til að fullnægja brýnustu þörfum í dreifbýli, borgum og úthverfum, og auka arðvænlegar fjárfestingar til þátta er snerta t. d. orku og fjarskipti,
- c) að stuðla að því að bæta félagslega þjónustu svo sem í menntamálum og heilsugæslu,
- d) að vera skipulagðar og útfærðar innan ramma þróunaráætlunar þar sem hún er fyrir hendi og í samráði við þau samtök atvinnurekenda og launafólks sem í hlut eiga,
- e) að tilgreina það fólk sem áætlanirnar eiga að ná til, ákvarða það vinnuafli sem tiltækt er og skilgreina forsendur fyrir verkefnið,
- f) að tryggja að launafólk sé ráðið af fúsum og frjálsum vilja,
- g) að tryggja að vinnuafli sé ekki tekið frá annarri framleiðslustarfsemi,
- h) að sjá til þess að vinnuskilyrði séu í samræmi við landslög og venjur og sérstaklega við lagaákvæði um aðgang að vinnu, vinnutíma, launakjör, launuð frí, öryggi og heilbrigði á vinnustað og bætur fyrir vinnuslys,
- i) að auðvelda starfsþjálfun þeirra sem áætlanirnar taka til en einnig endurþjálfun þeirra sem verða að skipta um starf vegna skipulagsbreytinga í framleiðslu og atvinnu.

### IX. Atvinna og alþjóðlegt efnahagssamstarf.

36. Aðildarríki eiga að stuðla að auknum alþjóðaviðskiptum og hjálpa þannig hvert öðru til að auka atvinnuna. Í þessu augnamiði eiga þau að vinna saman í alþjóðlegum hópum sem starfa að því að auka alþjóðaviðskipti varanlega og gera þau hagkvæm á báða bóga, og auðvelda tækniadstoð og fjárfestingu.

37. Minnug ábyrgðar sinnar í samskiptum við aðra lögmæta alþjóðlega aðila eiga aðildarríki að setja sér eftirtalin markmið í því augnamiði að tryggja virka atvinnustefnu:

- a) að stuðla að því að auka framleiðslu og alþjóðaviðskipti sem forsendur efnahagslegs stöðugleika og vaxandi atvinnu innan ramma alþjóðlegs þróunarsamstarfs og á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms ávinnings,
- b) að viðurkenna að samspil ríkja, sem stafar af aukinni samþættingu í efnahagi heimsins, ætti að ýta undir að slíkt andrúmsloft myndist að ríki geti, þegar við á, sett fram sameiginlega stefnu sem miðist að því að bæði félagslegur kostnaður og ávinningar af aðlögun að skipulagsbreytingu dreifist réttlátar og alþjóðatekjur og auður sömuleiðis, til þess að auðvelda þróunarlöndum að taka við vaxandi vinnukrafti sínum og iðnríkjum að auka atvinnu og lækka aðlögunarkostnað vegna verkamanna er þarna koma við sögu,
- c) að samhæfa þjóðarstefnur varðandi viðskipti og skipulagsbreytingar og aðlögun að þeim til þess að gera þróunarlöndum kleift að taka meiri þátt í iðnframleiðslu heimsins í opnu og réttlátu viðskiptakerfi, að gera vöruverð stöðugt og arðvænlegt að því marki að bæði framleiðendur og neytendur sætti sig við, og að örva fjárfestingu í framleiðslu og meðhöndlun vara í þróunarlöndum,
- d) að hvetja til friðsamlegra lausna deilumála milli þjóða og samþykka um viðræður um minnkandi vígbúnað sem leiða mun til öryggis fyrir allar þjóðir og einnig þess að í stað vígbúnaðarkostnaðar og hervæðingar eykst þjónusta og framleiðsla á lífsnauðsynjum, sérstaklega í þágu brýnustu þarfa íbúanna og þróunarlandanna,
- e) að leita samkomulags um sameiginlegt átak á alþjóðavettvangi til að bæta hið alþjóðlega efnahagskerfi, sérstaklega á fjármálasviðinu, til þess að stuðla að atvinnu bæði í iðnaðar- og þróunarlöndum,
- f) að auka gagnkvæmt efnahags- og tæknisamstarf, sérstaklega milli landa sem ólíkt eru á vegi stöðd í efnahagsþróun og búa við ólíkt félagslegt og efnahagslegt kerfi, með því að miðla reynslu á báða bóga og rækta hæfileikana til samstarfs, sérstaklega á sviði atvinnumála og hugvits og þegar um það er að ræða að velja, þróa og yfirfæra tækni í samræmi við lög og venjur varðandi eignarrétt sem báðir aðilar samþykkja,
- g) að skapa skilyrði til varanlegs, verðbólguless hagvaxtar í heiminum og til að koma á fót bættu alþjóðlegu gjaldeyriskerfi sem leiða mundi til þess að sett yrði fram nýtt alþjóðlegt efnahagsskipulag,
- h) að tryggja meiri stöðugleika í gjaldeyrismálum, minnkandi skuldabyrði þróunarlandanna, skilyrði til langtíma fjárhagsaðstoðar við þróunarlöndin með góðum kjörum, og samþykkt um aðlögunarstefnu sem stuðlar að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum.

38. Aðildarríki eiga

- a) að stuðla að því að tækni sé flutt með það fyrir augum að gera þróunarlöndunum kleift að tileinka sér, með sanngjörnum og réttmætum kjörum, þá tækni sem best á við til að stuðla að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum,
- b) gera viðeigandi ráðstafanir til að skapa og halda við atvinnu og til að veita möguleika til þjálfunar og endurþjálfunar. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að stofna aðlögunarsjóði — á landsvísu, staðbundna eða alþjóðlega — í þeim tilgangi að veita aðstoð við jákvæða aðlögun iðnaðar og verkafólks sem skapast hefur vegna efnahagsbreytinga í heiminum.

### X. Atvinna og mannflutningar landa í milli.

39. Þar sem mannflutningar milli landa eiga sér stað eiga aðildarríki m. t. t. alþjóðlegra samninga og tillagna um farandverkamenn að marka stefnu sem miðar að því

- a) að skapa fleiri atvinnutækifæri og betri vinnuskilyrði í löndum þeim sem flutt er frá til þess að minnka þörfina á að menn flytji úr landi í atvinnuskyni,
- b) að tryggja að mannflutningar landa í milli eigi sér stað á þeim forsendum að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu, valinni af frjálsum vilja.

40. Aðildarríki sem skv. hefð eða margítrekað taka marga erlenda verkamenn í vinnu eiga — þegar þeir koma frá þróunarlöndum — að leggja sig fram um að taka þátt í uppbyggingu í heimalandi þeirra, með því að auka hreyfingu fjármagns á viðeigandi hátt, auka viðskiptin, flytja tækniþekkingu og aðstoða við starfsþjálfun heimafólks til þess að kostur verði á öðru en flutningi úr landi í atvinnuskyni, og til að aðstoða löndin sem í hlut eiga við að bæta atvinnustöðu sína.

41. Aðildarríki sem hafa margendurtekna reynslu af verulegum útflutningi borgara sinna í atvinnuskyni eiga að gera ráðstafanir með lagasetningu, samkomulagi við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks eða á einhvern annan hátt í samræmi við skilyrði og venjur í landinu — og svo framarlega sem slíkar ráðstafanir eru ekki í ósamræmi við rétt hvers og eins til að yfirgefa sérhvert land, m. a. sitt eigið — til að koma í veg fyrir misferli við ráðningu eða brottför sem gæti leitt til ólöglegar komu, dvalar eða atvinnu í öðru landi.

42. Til að gera þeim sem búa yfir fágætum hæfileikum auðvelt að snúa aftur heim ættu þróunarlönd sem búa við útflutning fólks

- a) að hvetja launafólk til heimkomu svo sem kostur er, og
- b) efna til samvinnu landa sem ráða þegna þeirra og einnig Alþjóðavinnuáskrifstofunnar og annarra hlutaðeigandi alþjóðlegra eða staðbundinna aðila.

43. Aðildarríki, bæði lönd sem veita vinnu (fósturlönd) og heimalönd, eiga að gera viðeigandi ráðstafanir til að

- a) koma í veg fyrir misferli við ráðningu vinnuaflls vegna atvinnu erlendis,
- b) koma í veg fyrir misnotkun á farandverkamönnum,
- c) tryggja að í fullu gildi sé rétturinn til félagafrelsis og til að bindast samtökum og semja sem heild.

44. Aðildarríki, bæði fósturlönd og heimalönd, eiga þegar nauðsyn krefur og með tilliti til gildandi alþjóðavinnuáskrifstofu og tillagna um farandverkamenn, að gera bæði tvíhliða og fjölhliða samkomulag sem tekur til atvinnu eins og réttar til komu og dvalar, réttarverndar í kjölfar atvinnu, aukinna möguleika til menntunar og þjálfunar til handa farandverkafólki, félagslegs öryggis, og stuðnings við verkamenn og fjölskyldur þeirra óski þeir að hverfa aftur til heimalands síns.

the fact that the *de facto* power of the executive is not always reflected in the *de jure* powers of the executive. The *de jure* powers of the executive are often limited by the *de facto* powers of the legislature.

As a result of the *de facto* power of the legislature, the *de jure* powers of the executive are often limited. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is *de jure* free to propose and appoint and dismiss ministers, but in practice the executive is often limited by the *de facto* power of the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.

The *de facto* power of the legislature is often exercised by the *de facto* majority in the legislature. This is especially true in the case of the executive's power to propose and appoint and dismiss ministers. In the Netherlands, the executive is often limited by the *de facto* majority in the legislature.





the 1990s, the number of people in the UK who are aged 65 and over has increased from 10.5 million to 13.5 million, and the number of people aged 75 and over has increased from 4.5 million to 6.5 million (Office for National Statistics 2000).

There is a growing awareness of the need to address the needs of older people in the UK. The Department of Health (2000) has published a strategy for older people, which sets out a vision for the future of health care for older people. The strategy is based on the following principles: older people should be able to live independently and actively; older people should be able to access the services they need; and older people should be able to participate in decisions about their care.

The strategy also sets out a number of key objectives, including: to improve the quality of life of older people; to reduce the number of older people who are dependent on others; to ensure that older people have access to the services they need; and to ensure that older people are able to participate in decisions about their care. The strategy is a key document for the UK government and for the health care system.

The strategy is based on the following principles: older people should be able to live independently and actively; older people should be able to access the services they need; and older people should be able to participate in decisions about their care. The strategy also sets out a number of key objectives, including: to improve the quality of life of older people; to reduce the number of older people who are dependent on others; to ensure that older people have access to the services they need; and to ensure that older people are able to participate in decisions about their care.

The strategy is a key document for the UK government and for the health care system. It sets out a vision for the future of health care for older people and a number of key objectives. The strategy is based on the following principles: older people should be able to live independently and actively; older people should be able to access the services they need; and older people should be able to participate in decisions about their care.

The strategy also sets out a number of key objectives, including: to improve the quality of life of older people; to reduce the number of older people who are dependent on others; to ensure that older people have access to the services they need; and to ensure that older people are able to participate in decisions about their care. The strategy is a key document for the UK government and for the health care system.

The strategy is based on the following principles: older people should be able to live independently and actively; older people should be able to access the services they need; and older people should be able to participate in decisions about their care. The strategy also sets out a number of key objectives, including: to improve the quality of life of older people; to reduce the number of older people who are dependent on others; to ensure that older people have access to the services they need; and to ensure that older people are able to participate in decisions about their care.

The strategy is a key document for the UK government and for the health care system. It sets out a vision for the future of health care for older people and a number of key objectives. The strategy is based on the following principles: older people should be able to live independently and actively; older people should be able to access the services they need; and older people should be able to participate in decisions about their care.

the 1990s, the number of people in the UK who are employed in the public sector has increased from 10.5 million to 12.5 million, and the number of people in the public sector who are employed in health care has increased from 2.5 million to 3.5 million (Department of Health 2000).

There are a number of reasons for the increase in the number of people employed in the public sector. One reason is that the public sector has become a more important part of the economy. Another reason is that the public sector has become a more attractive place to work. A third reason is that the public sector has become a more important part of the welfare state.

The increase in the number of people employed in the public sector has led to a number of changes in the way that the public sector is organized. One change is that the public sector has become more decentralized. Another change is that the public sector has become more competitive. A third change is that the public sector has become more customer-oriented.

The changes in the way that the public sector is organized have led to a number of challenges for the public sector. One challenge is that the public sector has become more complex. Another challenge is that the public sector has become more expensive. A third challenge is that the public sector has become more difficult to manage.

The challenges facing the public sector have led to a number of reforms. One reform is that the public sector has been reorganized. Another reform is that the public sector has been privatized. A third reform is that the public sector has been restructured.

The reforms have led to a number of changes in the way that the public sector is organized. One change is that the public sector has become more decentralized. Another change is that the public sector has become more competitive. A third change is that the public sector has become more customer-oriented.

The changes in the way that the public sector is organized have led to a number of challenges for the public sector. One challenge is that the public sector has become more complex. Another challenge is that the public sector has become more expensive. A third challenge is that the public sector has become more difficult to manage.

The challenges facing the public sector have led to a number of reforms. One reform is that the public sector has been reorganized. Another reform is that the public sector has been privatized. A third reform is that the public sector has been restructured.